

Slaka á taumnum, ekki sleppa !

Skipta foreldrar máli þegar börn byrja í framhaldsskóla?

Undanfarin ár hefur áhersla í forvarnastarfi einkum verið á nemendum í efstu bekkjum grunnskólans og foreldra þeirra. Kannanir sýna okkur að það starf er að skila árangri. Dregið hefur úr neyslu grunnskólanema á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum og foreldrar segja sig reiðubúna til að setja ramma um líf barna sinna og draga þar með úr líkum að þau leiðist út í neyslu. Í þessum ramma eru t.d. að reglum um útivistartíma er fylgt og eftirlitslaus partý eru ekki leyfð. Rannsóknir hafa líka sýnt fram á mikilvægi samverustunda fjölskyldna. Bara það að fjölskyldur gefi sér tíma til að vera saman hefur ótvírætt forvarnagildi.

Þegar ungmenni hefja nám í framhaldsskóla hafa foreldrar kvartað undan því að „missa tökin“. Einn þabbinn líkti þessu við að halda barninu í teygju en svo allt í einu ætti hann að sleppa takinu og barnið þá spýttist eitthvert og lending óákveðin. Annað sem foreldrar nefna líka er hvort þeir megi áfram setja mörk. Þetta óöryggi foreldra er mjög skiljanlegt því eins og heyrst stundum: einhvern tíman eiga börnin að verða stór og líka hva, hvernig var þetta þegar við vorum ung? Þetta óöryggi er alveg það sama og kom fram hjá foreldrum grunnskólanema þegar fyrst var farið að leggja áherslu á mikilvægi foreldra í forvörnum. Foreldrar þurftu þá hvatningu og stuðning til að setja mörk, til að halda í tauminn.

Það hefur tekið foreldra og framhaldsskóla tíma að bregðast við hækkun sjálfræðisaldursins. Forvarnaáætlanir eru nú við

skólana og forvarnafulltrúar teknir til starfa við þá. Margir framhaldsskólar sýna metnað í að félagslíf nemenda verði heilbrigðara og án vímuefna t.d. með vímulusum árshátíðum í skólunum og þemavikum um heilbrigði. Nemendur sjálfir hafa einnig komið að og jafnvel átt frumkvæði að því að bæta félagslífið í þessa átt.

Í ljósi þeirra niðurstaðna sem hér voru kynntar er augljóst að sú viðhorfsbreyting sem átt hefur sér stað hjá foreldrum grunnskólabarna verður að halda áfram eftir að grunnskóla lýkur. Breytingar á högum ungmenna sem eru að færast á milli þessara skólastiga eru miklar. Nýir vinir, spennandi félagslíf o.fl. að byrja í framhaldsskóla er spennandi tími sem leiða þarf nemendur í gegnum. Stuðningur, leiðsögn, það að hlusta og ræða saman er ómetanlegt veganesti fyrir nemendur á þessu lokaspretti til fullorðinsára. Foreldrar eiga og mega, setja sínar reglur, sinn ramma um líf barna sinna til 18 ára aldurs líka þegar þau eru 16, 17 ára. Ekki er þar með sagt að ríghalda þurfi í tauminn því að sjálfsögðu þurfa börn að læra að fóta sig í tilverunni á sínum forsendum en ekki er heldur gott að sleppa honum alveg. Rannsóknir sýna að umhyggja, aðhald og stuðningur foreldra skila sér í betri líðan barna, betri námsárangri þeirra og að þau neyta síður áfengis, tóbaks og annarra vímuefna.

Til að styðja foreldra í því að halda áfram að halda í tauminn hefur SAMAN hópurinn í samstarfi við forvarnafulltrúa í framhaldsskólum gert bækling ætlaðan foreldrum nýnema í framhaldsskólum sem heitir „18 ára ábyrgð Slaka á taumnum ekki sleppa“. Í honum eru sett fram atriði sem mikilvægt er fyrir foreldra að hafa í huga. Styðja þau í námi, kynnast nýjum

vinum barnanna, leyfa ekki eftirlitslaus partý og útvega ekki áfengi eða aðstöðu til drykkju, hvetja og styðja ungmenni til að velja vímulaust líf, kynna sér foreldrafélög í skólunum.

Að þekkja líf barna sinna og það umhverfi sem þau hrærast í er mjög mikilvægt en ekki síður mjög skemmtilegt.